

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

*Jarlsstaðir, deiliskipulag frístundasvæðis.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 14. ágúst 2024, tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundasvæði innan Jarlsstaða, L205460. Tillagan gerir ráð fyrir rúmum lóðum þar sem heimilt væri að byggja sumarhús og gestahús/geymslu á hverri lóð. Aðkoma að svæðinu er frá vegi 2771 á landamörkum Tjörvastaða og Hrólfsstaðahellis. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

*Unhóll 1A, lóðir D og E, deiliskipulag frístundasvæðis.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 14. ágúst 2024, tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundasvæði innan Unhóls 1A. Tillagan gerir ráð fyrir allt að 30 lóðum þar sem á hverri lóð væri heimilt að byggja eitt frístundahús með sambyggðum bílskúr eða sér, gestahús/aukahús og geymslu. Aðkoma að svæðinu er af Þykkvabæjarvegi. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

*Árbakki, breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 14. ágúst 2024, tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi frá árinu 2006 fyrir íbúðarsvæði innan Árbakka þar sem byggingarreitir verði færðir til innan lóða, örlitlar leiðréttingar gerðar á afmörkun og stærðum lóða og vegakerfi uppfært í takt við núverandi legu vega innan svæðisins. Að auki er kvöð sett á lóðir nr. 40, 42, 44 og 46 um aðkomu að lóðum nr. 41, 43 og 45. Aðkoma að svæðinu er af Árbæjarvegi. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillögurnar öðlast þegar gildi.

*Hellu, 6. september 2024.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.